



cutting through complexity

Garðabær

Fjárhagsleg greining

12. júní 2015



- KPMG var falið að aðstoða við greiningu á fjárhagsstöðu og framtíðarhorfum í fjármálum Garðabæjar. Bæjarstjóri, bæjarritari og fjármálastjóri Garðabæjar voru helstu tengiliðir sveitarfélagsins við gerð greiningarinnar.
- KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni hennar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.
- Vinnan er byggð á upplýsingum frá sveitarfélaginu, vinnufundum með lykilstarfsmönnum, auk annarra opinberra upplýsinga svo sem af heimasíðu sveitarfélagsins og úr gagnagrunni Hagstofu Íslands um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga.
- Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem stuðst er við en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.
- Ekkert í þessu verkefni ber að túlka sem lögfræðilegt álit eða mat á lögfræðilegum atriðum.
- KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu verkefnisins. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli verkefnisins eða niðurstaðna sem í skýrslunni eru, er hjá sveitarfélaginu sem verkkaupa eða öðrum aðilum er að málinu kunna að koma.

Í tengslum við þessa samantekt má hafa samband við:

Oddur Gunnar Jónsson

Senior Manager, Reykjavík

KPMG ehf.

ojonsson@kpmg.is

Svanbjörn Thoroddsen

Partner, Reykjavík

KPMG ehf.

sthoroddsen@kpmg.is

Sími: 545 6000

	bls.
Samantekt	3
Núverandi staða	9
Rekstur	18
Fjárfestingar	30
Skuldir og eignir	33
B hluta starfsemi	42
Viðaukar	46
• Fjölskyldusvið	48
• Fræðslu- og menningarsvið	55
• Tækni- og umhverfissvið	69
• Fjármála- og stjórnsýslusvið	78
• Aðrir sjóðir A hluta	84

Samantekt

Samantekt Um verkefnið

Bakgrunnur verkefnisins og verklag

- Bæjarstjórn Garðabæjar ákvað að hrinda af stað vinnu við úttekt á rekstri sveitarfélagsins og markmiðasetningu í rekstrinum til framtíðar. Leitaði sveitarfélagið til ráðgjafarsviðs KPMG um aðstoð við vinnslu verkefnisins.
- KPMG hefur framkvæmt ítarlega greiningu á rekstri og fjármálum Garðabæjar. Farið var í greiningu á tekjum og gjöldum sveitarfélagsins og ítarlegan samanburð á rekstri einstakra málaflokka. Unnið var í samstarfi við lykilstjórnendur sveitarfélagsins.
- Þau sveitarfélög sem litið var til í samanburðargreiningum eru Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og Reykjanesbær. Voru þau valin vegna stærðar sinnar, uppbyggingar og landfræðilegrar legu.

Leiðarljós

- KPMG hefur það að leiðarljósi við greiningu fjármála sveitarfélaga að allsstaðar sé hagkvæmni gætt í rekstri og að rekstrarkostnaður og fjárfestingar taki mið af gæðum þjónustunnar sem veitt er. Sérstaða getur legið í meðvitaðri ákvörðun um að veita betri þjónustu á vissum sviðum en önnur sveitarfélög, sem hefur þá í för með sér hærri kostnað við rekstur tiltekins málaflokks. Þar sem ekki er hægt að réttlæta útgjöld umfram aðra með vísan í betri gæði þjónustunnar er hins vegar þörf á aðgerðum.

Heildstæða greining á fjármálum Garðabæjar

- Við greiningu á fjármálum sveitarfélaga leggur KPMG áherslu á að skoða fjóra megin þætti í starfsemi þeirra:
 - Rekstur
 - Fjárfestingar
 - Skuldir og eignir
 - B hluta starfsemi
- Í þessari samantekt er fjallað um hvern lið fyrir sig í sér köflum þar sem ljósi er varpað á núverandi stöðu með samanburðargreiningum, reynt að koma auga á sérstöðu Garðabæjar og eftir atvikum settar fram ábendingar og tillögur til úrbóta.



Samantekt

Helstu niðurstöður úttektar á rekstri



Rekstur

- Niðurstöður ítarlegrar greiningar KPMG eru þær að í öllum meginatriðum er rekstur Garðabæjar góður miðað við samanburðarsveitafélögin og miðað við það þjónustustig sem veitt er. Garðabær veitir meiri þjónustu á allnokkrum sviðum en samanburðarsveitarfélögin án þess að rekstrarkostnaður sé umtalsvert hærri.
- Þjónustukannanir leiða í ljós að íbúar Garðabæjar eru almennt ánægðir með þjónustuna sem sveitarfélagið veitir.
- Reksturinn hefur einkennt af góðri afkomu og stöðugleika undanfarin ár. Afgerandi einkenni rekstrarins er að skatttekjur Garðabæjar eru hærri en meðaltal samanburðarsveitarfélaganna, sértekjur eru lægri og rekstrarkostnaður er lægri.

Tekjur og gjöld A hluta árið 2014		
Þús. kr.	Garðabær	Meðaltal utan Garðabæjar
Skatttekjur á íbúa	604	575
Sértekjur á íbúa	64	109
Rekstrarkostnaður á íbúa	656	722

Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna; Greining KPMG

- Kostnaðarvitund stjórnenda Garðabæjar er almennt góð og stjórnskipulagið (skipurit, nefndarskipan og fleira) virðist henta starfsemi sveitarfélagsins og engin augljós þörf á að gera breytingar á því.

Ábendingar og tillögur

- Bæta má upplýsingagjöf til stjórnenda. Sviðstjórar og stjórnendur hafa aðgang að gögnum fyrir hverja einstaka rekstrareiningu en bæta má heildaryfirsýn með einföldum og skilvirkari hætti en nú er gert. Fagleg stjórnun verður enn betri með tímanlegri upplýsingagjöf.
 - Á grundvelli ábendinga KPMG er hafin vinna við smíði mælaborðs með helstu fjárhagsupplýsingum fyrir stjórnendur og uppsetning á rauntímaeftirliti á vissum lykilstærðum.
- Lagt er til að mörkuð verði skýrari stefna um fjármál á hverju sviði fyrir sig og um svigrúm stjórnenda.

Samantekt


Helstu niðurstöður úttektar á fjárfestingum



Fjárfestingar

- Garðabær hefur sýnt ráðdeild í fjárfestingum samanborið við samanburðarsveitarfélög og landsmeðaltal.
- Mikill stöðugleiki hefur verið í fjárfestingum og þeim jafnað yfir tíma til að minnka sveiflur.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á íbúa 2002-2014 og áætlun 2015-2018



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlun Garðabæjar, Samband íslenskra sveitarfélaga; Greining KPMG

Ábendingar og tillögur

- Til að viðhalda stöðugleika í fjárfestingum sveitarfélagsins til framtíðar er mikilvægt að ákvörðunartaka um fjárfestingar sé í skýru ferli:
 - til að skerpa á ákvörðunartökunni sjálfri
 - til að forgangsraða fjárfestingum framtíðarinnar

Samantekt

Helstu niðurstöður úttektar á skuldum og eignum



Skuldir

- Skuldaviðmið Garðabæjar skv. sveitarstjórnarlögum er tiltölulega lágt á landsvísu, er vel innan lögboðinna viðmiða og hefur verið stöðugt á undanförunum árum. Áætlanir gera ráð fyrir áframhaldandi stöðugleika og skuldaviðmiði um 80%.
- Lánshæfi Garðabæjar er hátt og nýtur sveitarfélagið betri kjara en samanburðarsveitarfélögin.

Vaxtakjör Garðabæjar		
Tegund lána	Upphæð (þ.kr.)	%
Gengistryggt	117.317	0,34%
Óverðtryggt	85.000	4,33%
Verðtryggt	5.458.562	3,97%

Heimild: Ársreikningar Garðabæjar; Greining KPMG


Veltufjárbinding

- Garðabær er með hæstu veltufjárbindinguna meðal samanburðarsveitarfélaga. Í lok árs nam veltufjárbinding Garðabæjar um 170 m.kr.
- Sveitarfélagið hefur tækifæri til að losa fjármagn úr sínum rekstri með betri stýringu veltufjármuna.

Ábendingar og tillögur

- Betri stýring veltufjármuna
 - Lagt er til að Garðabær setji sér skýr markmið um stýringu veltufjármuna í sínum rekstri. Skilgreina þarf lykilmælikvarða sem verða hluti af mælaborði stjórnenda.
- Skuldaviðmið
 - Lagt er til að Garðabær skilgreini skýr markmið um hámarks skuldsetningu sveitarfélagsins á samstæðugrunni. (70-80% af tekjum)


Veltufjárbinding á íbúa 2014



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna; Greining KPMG

Samantekt

Helstu niðurstöður úttektar á B hluta starfsemi




Ísafold og málefni aldraðra

- Hjúkrunarheimilið Ísafold tók til starfa í apríl 2013 og hefur verið rekið með halla frá opnun. Gert er ráð fyrir áframhaldandi hallarekstri á komandi árum að óbreyttu.
- Hvernig sem fer með rekstur Ísafoldar er ljóst að þjónusta við aldraðra kemur að öllum líkindum til með að vega þyngra í rekstri Garðabæjar á komandi árum
 - Fjöldi íbúa á aldrinum 68 ára og yfir hefur rúmlega þrefaldast frá 1998 til 2015 sem er langt umfram landsmeðaltalið.

Há arðsemi Samveitna Garðabæjar

- Samveitur Garðabæjar sýna óvenjuháa framlegð m.a. vegna samnings við Kópavog til 40 ára um kaup á vatni. Samkvæmt samningnum fær Garðabær vatn frá Kópavogi undir markaðsverði. Niðurgreiðslan á vatninu er tilkomin vegna þess að Garðabær féllst á að fyrirgera nýtingu á eigin vatnslindum.

Þróun íbúafjölda eftir aldursflokkum frá 1998- Garðabær



Ábendingar og tillögur

- Ísafold
 - Garðabær reynir að sækja hærri daggjöld frá ríkinu en ekki er hægt að ganga að því vísu að það takist.
 - Lagt er til að skoðað verði hvort Garðabær getur losnað undan hallarekstrinum með því að sameina Ísafold stærri rekstrareiningu og ná þannig fram stærðarhagkvæmni í rekstri.
 - Annar möguleiki í stöðunni er sá að Garðabær athugi hvort unnt sé að fela þriðja aðila rekstur Ísafoldar.
- Samveitur Garðabæjar
 - Það kann að vera skynsamlegt að færa „umfram“ hagnað Samveitna sem tekjur A hluta, eins konar auðlindarentu.

Núverandi staða

- Þegar litið er til framtíðarhorfa í fjármálum sveitarfélags er eðlilegt að líta til þriggja þátta:

1. Líta verður til allra skuldbindandi gerninga svo sem samþykktra fjárheimilda í fjárhagsáætlunum og gerðra samninga hvort heldur sem um er að ræða eignir eða hvers konar skuldbindingar.
2. Sveitarfélögum ber að uppfylla 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en samkvæmt henni ber sveitarstjórnnum að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og skulda sé þannig háttað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Skyldu þessari skulu sveitarfélög m.a. fullnægja með eftirfarandi viðmiðunum.
 - Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
 - Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en 150% af reglulegum tekjum. Við útreikning á skuldaviðmiði skv. reglugerð nr. 502/2012 skal draga frá heildarskuldum og skuldbindingum; leiguskuldbindingu frá ríkissjóði, lífeyrisskuldbindingar sem koma til greiðslu eftir 15 ár eða seinna og hreint veltufé sem eru skammtímaeignir umfram skammtímaskuldir.
3. Til að geta boðið íbúum sveitarfélagsins uppá samsvarandi lífsgæði og íbúum annarra sveitarfélaga getur verið eðlilegt að líta til frekari markmiða en sveitarstjórnarlög kveða á um og í því tilliti hvar sambærileg sveitarfélög standa.

Flokkun starfseminnar

- Samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber að flokka starfsemi sveitarfélaga í A og B hluta:
 - A hluti merkir aðalsjóð sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.
 - B hluti merkir stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.
- Við flokkun á þjónustu sveitarfélaga almennt er mikil áhersla lögð á A hluta sérstaklega, enda liggur grunnþjónusta sveitarfélaganna í þeim hluta.
- B hluta stofnanir vega hins vegar oft þungt í heildarsamstæðu sveitarfélaga og valda oft miklum sveiflum í afkomu, eignum og skuldum samstæðunnar. Einnig getur oft verið erfitt að bera saman B hluta starfsemi milli einstakra sveitarfélaga vegna mismunandi uppbyggingar hennar.
- Í umfjölluninni hér á eftir er horft annars vegar á A hluta og hins vegar á A og B hluta samstæðunnar, enda miðast öll fjárhagsleg viðmið eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) við A og B hluta saman.
- Taka skal fram að lámarksviðmið EFS miðast við rekstur sveitarfélaga á samstæðugrunni þ.e. A og B hluta saman.
 - Þrátt fyrir að EFS miði sín viðmið við A og B hluta saman, setur KPMG einnig fram í greiningunni samsvarandi viðmið fyrir A hluta sér.

Starfsemi Garðabæjar samkvæmt ársreikningi 2014

A hluti	B hluti
Aðalsjóður	Samveitur Garðabæjar
Eignasjóður	Ísafold
Þjónustumiðstöð	Strikið 3
	Garðahús

Heimild: Ársreikningur Garðabæjar 2014

Núverandi staða Niðurstöður áætlana

Við mat á núverandi stöðu og framtíðarhorfum er litið til:

- Ársreiknings 2013 og 2014.
- Fjögurra ára áætlunar 2015 til 2018.

Áhersla á A hluta

- Í þessari úttekt leggjum við áherslu á A hluta sérstaklega enda liggja skatttekjur og grunnþjónusta sveitarfélagsins í þeim hluta.
- Þannig þurfa þau fjárhagslegu markmið sem sveitarfélagið setur sér fyrst og fremst að vera uppfyllt í A hluta.
- Lágmarksviðmið eftirlitsnefndar byggja öll á samstæðugrunni, þ.e. A og B hluta.
- Í umfjölluninni hér á eftir munum við því horfa annars vegar á A hluta og hins vegar á A og B hluta saman.

Lykiltölur Garðabæjar A hluti						
M.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Skuldahlutfall	98,9%	102,0%	106,5%	105,2%	106,6%	110,2%
Skuldaviðmið, áætlað	91,8%	95,1%	99,9%	98,7%	100,2%	103,9%
Framlegð / tekjur	14,4%	11,0%	10,4%	10,5%	10,7%	10,9%
Rekstrarniðurstaða	375	110	94	84	60	56
Veltufé / tekjur	14,4%	10,1%	9,9%	9,7%	9,8%	10,0%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	2,2	1,4	1,5	1,4	1,4	1,4

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlanir Garðabæjar; Greining KPMG

Lykiltölur Garðabæjar A og B hluti						
M.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Skuldahlutfall	98,5%	97,4%	98,9%	97,0%	96,4%	95,7%
Skuldaviðmið, áætlað	79,4%	79,1%	81,5%	79,7%	79,3%	78,8%
Framlegð / tekjur	16,6%	13,1%	13,5%	13,5%	13,5%	13,6%
Rekstrarniðurstaða	490	167	201	248	243	262
Veltufé / tekjur	15,8%	12,0%	12,0%	12,2%	12,3%	12,4%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	2,7	1,9	1,9	1,8	1,8	1,8

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlanir Garðabæjar; Greining KPMG

Lágmarksviðmið Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga					
Skuldaviðmið	50%	100%	150%	200%	250%
Framlegð / tekjur	5,0%	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstaða	> 0	> 0	> 0	> 0	> 0
Veltufé / tekjur	2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0

Heimild: EFS bréf til sveitarstjórna


...Mikilvægt að aðgreina A og B hluta starfsemi

Núverandi staða


Þróun fjárhagslegra viðmiða samkvæmt sveitarstjórnarlögum

DRÖG


Skuldaviðmið A hluti




Skuldaviðmið A og B hluti hluti



Rekstrarjöfnuður A hluti



Rekstrarjöfnuður A og B hluti




Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlánir Garðabæjar; Greining KPMG

...Garðabær stenst fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga

Núverandi staða Skuldaviðmið og veltufé sveitarfélaga AB hluti

DRÖG



Reitur 1: Lítil skuldsetning og rekstur stendur vel undir núverandi skuldsetningu

Reitur 2: Mikil skuldsetning en rekstur stendur undir núverandi skuldsetningu

Reitur 3: Lítil skuldsetning en rekstur stendur ekki undir skuldsetningu að öllu jöfnu

Reitur 4: Mikil skuldsetning og rekstur stendur ekki undir skuldsetningu að öllu jöfnu


Heimild: Íslensk sveitarfélög, skýrsla gerð af Íslandsbanka

...Skuldaviðmið innan marka

Núverandi staða Íbúafjölgun og meðalaldur


DRÖG

Vísitala íbúafjölgunar í Garðabæ og á landinu öllu



Heimild: Hagstofan; Greining KPMG

Þróun meðalaldurs Garðabæjar og landsins alls



Heimild: Hagstofan; Greining KPMG


Þróunin í Garðabæ

- Gröfin að ofan sýna þróun meðalaldurs og íbúafjölda frá 1998 – 2015 í Garðabæ og á landsvísu.
 - Íbúum Garðabæjar fjölgaði um 57% á tímabilinu, voru 9.216 árið 1998 en voru 14.453 í ársbyrjun 2015. Yfir sama tímabil fjölgaði Íslendingum um rúmlega 20%.
 - Á sama tíma hefur meðalaldur íbúa Garðabæjar hækkað úr rúmlega 33 árum 1998 í 37 ár 2015.
 - Meðalaldur íbúa Garðabæjar var undir landsmeðaltali árið 1998 en var kominn upp yfir meðaltalið á landinu öllu í byrjun árs 2015.

Núverandi staða Íbúapróun og aldursgreining


DRÖG

Þróun íbúafjölda eftir aldursflokkum frá 1998 - Garðabær



Heimild: Hagstofan; Greining KPMG

Þróun íbúafjölda eftir aldursflokkum frá 1998 - Landið allt



Heimild: Hagstofan; Greining KPMG

Þróunin í Garðabæ

- Gröfin hér að ofan sýna þróun fjöldavísitölu aldurshópa íbúa annars vegar í Garðabæ og svo á landsvísu frá 1998 til 2015.
- Mesta fjölgunin í Garðabæ og á landsvísu hefur verið í elsta aldurshópnum.
- Athygli vekur hversu hröð fjölgun hefur verið í elsta aldurshópnum í Garðabæ, sem hefur verið langt umfram landsmeðaltalið.
 - Fjöldi íbúa í elsta aldursflokknum hefur rúmlega þrefaldast frá 1998.

Núverandi staða Íbúapróun og útsvarstekjur

DRÖG

Samanburður við landsmeðaltal

- Súluritinn til hliðar sýna hlutfallslega skiptingu aldurshópa í Garðabæ annars vegar og svo á landsvísi í upphafi árs 2015.
 - Garðabær hefur hlutfallslega fleiri íbúa í elsta aldursflokki, fleiri börn á grunnskólaaldri en hlutfallslega færri íbúa á aldrarsbilinu 21-67 ára


Skipting útsvars eftir aldursflokki

- Taflan hér að neðan sýnir fjölda útsvarsgreiðenda, útsvar og útsvarsstofn eftir sömu aldursflokka skiptingu.
- Íbúar á aldrinum 21-67 voru 76% útsvarsgreiðenda árið 2014 en greiddu um 86% útsvars í sveitarfélaginu það ár.
- Íbúar á aldrinum 68 ára og eldri voru á sama tíma 17% útsvarsgreiðenda en greiddu um 13% útsvars í sveitarfélaginu.
- Á árinu 2014 nam kostnaður vegna þjónustu við aldraða 165 mkr. Til viðbótar var rekstrarniðurstaða Ísafoldar neikvæð um 201 mkr.


Útsvar eftir aldursflokki í Garðabæ 2014						
	Fjöldi	%	Útsvar (m.kr.)	%	Útsvarsstofn (þ.kr.)	%
7-16 ára	62	1%	223	0%	11.156	0%
17-20 ára	673	7%	69.853	1%	511.366	1%
21-67 ára	7.177	76%	4.768.993	86%	34.912.103	86%
68-109 ára	1.573	17%	708.822	13%	5.189.031	13%
	9.485		5.547.891		40.623.655	

Heimild: Upplýsingar frá Fjármálaskrifstofu Garðabæjar; Greining KPMG

Hlutfallsleg skipting aldurshópa árið 2015



Rekstur



Núverandi staða

Framlegð af rekstri

Framlegð og skuldahlutfall

- Töflurnar hér að neðan sýna tekjur, framlegð, skuldir og skuldahlutföll hjá Garðabæ og fjórum öðrum sveitarfélögum til samanburðar. Hér er litið á skuldahlutfall án leiðréttingar sem heimilar eru samkvæmt reglugerð við útreikning á skuldaviðmiði.
- Þegar litið er á A hluta er framlegð Garðabæjar næst hæst af samanburðarsveitarfélögum og vel yfir meðaltali þeirra. Skuldahlutfall A hluta er lægst í Garðabæ.

Framlegð og skuldahlutfall A hluta 2014 (Garðabær og samanburðar sveitarfélög)						
M.kr.	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Mosfellsbær	Reykjanesbær	Meðaltal utan Garðabæjar
Rekstrartekjur	9.472	17.986	20.961	6.874	9.753	
Framlegð	1.080	1.404	2.425	389	-3	
Skuldir- og skuldbindingar	9.311	33.316	33.523	9.710	23.777	
Framlegðarhlutfall	11,4%	7,8%	11,6%	5,7%	0,0%	6,3%
Skuldir/Framlegð	9	24	14	25	8402	2116
Skuldahlutfall	98%	185%	160%	141%	244%	183%

Heimild: Ársreikningar; Greining KPMG

Framlegð og skuldahlutfall AB hluta 2014 (Garðabær og samanburðar sveitarfélög)						
M.kr.	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Mosfellsbær	Reykjanesbær	Meðaltal utan Garðabæjar
Rekstrartekjur	10.725	19.648	22.718	7.447	16.085	
Framlegð	1.426	2.499	3.826	650	2.591	
Skuldir- og skuldbindingar	10.021	39.766	42.176	10.728	40.792	
Framlegðarhlutfall	13,3%	12,7%	16,8%	8,7%	16,1%	13,6%
Skuldir/Framlegð	7	16	11	17	16	15
Skuldahlutfall	93%	202%	186%	144%	254%	196%

Heimild: Ársreikningar; Greining KPMG

Rekstur

Skatttekjur og framlög jöfnunarsjóðs

DRÖG

Skatttekjur

- Taflan sýnir samanburð milli sveitarfélaganna á skatttekjum og framlögum jöfnunarsjóðs á íbúa.
- Garðabær er með næst hæstu skatttekjur á íbúa af samanburðarsveitarfélögunum. Einungis Mosfellsbær er með hærri heildar skatttekjur á íbúa, en það stafar af mun hærra framlagi jöfnunarsjóðs á íbúa í Mosfellsbæ.
 - Sé eingöngu horft til útsvars á íbúa þá er sá tekjustofn hæstur í Garðabæ.
- Þá er hlutfall skatttekna af heildartekjum hæst í Garðabæ eða 90% sem er vel yfir meðaltali samanburðarsveitarfélaganna sem er 84%. Nánar er fjallað um sértekur sveitarfélaganna á næstu síðu.

Greining á skatttekjum A hluta árið 2014

	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Mosfellsbær	Reykjanesbær	Meðaltal utan Garðabæjar
Íbúafjöldi	14.180	27.357	32.308	9.075	14.527	
Útsvar (m.kr.)	6.588	11.500	14.467	3.850	5.258	
Framlög jöfnunarsjóðs (milljónir)	802	1.632	1.012	1.229	1.801	
Fasteignaskattar (m.kr.)	1.180	2.475	2.583	578	902	
Skatttekjur samtals	8.571	15.607	18.062	5.657	7.960	
Útsvar per íbúa (þús.kr.)	465	420	448	424	362	
Framlag jöfnunarsjóðs per íbúa (þús.kr.)	57	60	31	135	124	
Fasteignaskattar per íbúa (þús.kr.)	83	90	80	64	62	
Skatttekjur per íbúa (þús.kr.)	604	570	559	623	548	575
Skatttekjur (hlutfall af heildartekjum)	90%	87%	86%	82%	82%	84%

Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna; Greining KPMG

Yfirlit yfir skattprósentur í Garðabæ 2014

	GBR 2014	Hámark skv. lögum
Útsvar	13,70%	14,52%
Fasteignaskattar - A	0,26%	0,50%
Fasteignaskattar - B	1,32%	1,32%
Fasteignaskattar - C	1,65%	1,65%

Heimild: Ársreikningar; Lög um tekjustofna Sveitarfélagana

Garðabær fullnýtir hvorki heimildir til innheimtu útsvars né fasteignaskatta í A flokki

Tekjuaukning við hækkun í hámark

	Skattprósenta	Hámark	Aukning (m.kr.)
Útsvars hlutfall	13,70%	14,52%	
Útsvarstekjur (m.kr.)	6.588	6.982	394
Fasteignaskattar - A %	0,26%	0,50%	
Tekjur af fasteignaskatti - A	620	1.192	572

Ef Garðabær myndi fullnýta Útsvarsheimildir og hækka fasteignaskatt A húsnæðis í hámark myndu tekjur aukast um 966 m.kr.

Sértekjur

- Töflunar að neðan sýna samanburð milli sveitarfélaganna á öðrum sértekjum málaflokka.
- Hafa verður í huga að hér eru allar aðrar tekjur sveitarfélaganna svo sem styrkir og hvers konar framlög til rekstrar málaflokka sem geta innifalið tekjur á einu ári sem eru ekki reglulegar þjónustutekjur.
- Einnig er vert að hafa í huga að uppbygging sértekna getur verið mismunandi svo sem að Garðabær innheimtir ekki sjálfur þjónustutekjur vegna skólamötuneyta og einkarekinna leikskóla.

Greining á sértekjum A hluta árið 2014

	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Mosfellsbær	Reykjanesbær	Meðaltal utan Garðabæjar
Íbúafjöldi	14.180	27.357	32.308	9.075	14.527	
Sértekjur (m.kr.)	902	2.380	2.899	1.218	1.791	
Sértekjur per íbúa (þús.kr)	64	87	90	134	123	109
Sértekjur (hlutfall af heildartekjum)	10%	13%	14%	18%	18%	16%

Heimild: Ársreikningar; Greining KPMG

Næmnigreining á hækkun sértekna A hluta

Sértekjur per íbúa (þús.kr)	Hækkun sértekna (m.kr)
64	0
80	233
109	644
129	928
134	999

Heimild: Ársreikningar; Greining KPMG

Greining á sértekjum AB hluta árið 2014

	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Mosfellsbær	Reykjanesbær	Meðaltal utan Garðabæjar
Íbúafjöldi	14.180	27.357	32.308	9.075	14.527	
Sértekjur (m.kr.)	2.165	4.093	4.722	1.801	7.748	
Sértekjur per íbúa (þús.kr)	153	150	146	198	533	257
Sértekjur (hlutfall af heildartekjum)	20%	21%	21%	24%	48%	28%

Heimild: Ársreikningar; Greining KPMG

Sértekjur eru minnstar í Garðabæ.

Ef Garðabær myndi innheimta sértekjur sem næmu meðaltali samanburðarhópsins myndu tekjur hækka um 644 mkr.

Ef Garðabær myndi innheimta sértekjur til jafns við Mosfellsbæ myndu tekjur hækka um ca. 1 milljarð

Rekstrarkostnaður

- Töflurnar að neðan sýna allan rekstrarkostnað sveitarfélaganna, þ.e. laun, launatengd gjöld og annan rekstarkostnað.
- Rekstrarkostnaður Garðabæjar per íbúa er undir meðaltali samanburðarsveitarfélaga en töluvert yfir rekstrarkostnaði Kópavogsbæjar sem myndar ákveðið „best practice“ í samanburðarhópnum

Greining á rekstrarkostnaði A hluta árið 2014

	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Mosfellsbær	Reykjanesbær	Meðaltal utan Garðabæjar
Íbúafjöldi	14.180	27.357	32.308	9.075	14.527	
Rekstrarkostnaður (m.kr.)	8.392	16.582	18.536	6.485	9.756	
Rekstrarkostnaður per íbúa (þús.kr)	592	606	574	715	672	642
Rekstrarkostnaður (hlutfall af heildartekjum)	89%	92%	88%	94%	100%	94%

Heimild: Ársreikningar; Greining KPMG

Greining á rekstrarkostnaði AB hluta árið 2014

	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Mosfellsbær	Reykjanesbær	Meðaltal utan Garðabæjar
Íbúafjöldi	14.180	27.357	32.308	9.075	14.527	
Rekstrarkostnaður (m.kr.)	9.299	17.148	18.892	6.797	13.494	
Rekstrarkostnaður per íbúa (þús.kr)	656	627	585	749	929	722
Rekstrarkostnaður (hlutfall af heildartekjum)	87%	87%	83%	91%	84%	86%

Heimild: Ársreikningar; Greining KPMG

Næmnigreining á lækkun rekstrarkostnaðar A hluta

Rekstrarkostnaður per íbúa (þús.kr)	Lækkun rekstrarkostnaðar (m.kr)
592	0
590	26
585	97
580	168
574	253

Heimild: Ársreikningar; Greining KPMG

Rekstrarkostnaður Garðabæjar myndi lækka um 253 mkr. ef sama rekstrarkostnaði á íbúa og í Kópavogi væri náð.


Rekstur

Stöðugildi A hluti


Fjöldi stöðugilda

- Við gerð samanburðargreiningar milli sveitarfélaga var m.a. litið til fjölda stöðugilda í A hluta hjá sveitarfélögunum að teknu tilliti til stærðar þeirra. Byggt er á upplýsingum frá sveitarfélögunum sem um ræðir fyrir árið 2014.
- Skoðun á þessum þætti leiddi í ljós að stöðugildi hjá Garðabæ eru undir meðaltali allra sveitarfélaganna miðað við hverja þúsund íbúa, en Garðabær greiðir næst hæstu launin pr. stöðugildi.


Fjöldi stöðugilda pr. þús. íbúa árið 2014



Launakostnaður á stöðugildi árið 2014



Greining launakostnaðar 2014




Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna 2014. Greining KPMG

Rekstur


Laun og stöðugildi eftir sviðum

- Hér að neðan má sjá greiningu á launakostnaði Garðabæjar eftir sviðum. Grænu súlurnar sýna launakostnað miðað við meðaltal samanburðarsveitarfélaganna eftir málaflokkum miðað við stöðugildisfjölda Garðabæjar. Bláu súlurnar sýna svo launakostnað Garðabæjar í samanburði, á tveimur sviðum er Garðabær að greiða undir meðallaunum samanburðarsveitarfélaganna og á tveimur sviðum er Garðabær að greiða umfram meðallaun samanburðarsveitarfélaganna.


Greining launakostnaðar Fjölskyldu- og heilbrigðissviðs 2014




Greining launakostnaðar Fræðslu- og menningarsviðs 2014



Greining launakostnaðar Tækni- og umhverfissviðs 2014



Greining launakostnaðar Fjármála- og stjórnsýslusviðs 2014



Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna 2014. Greining KPMG

Rekstur

Sértekjur - heildaryfirlit

Sértekjur eftir málaflokkum								
	Garðabær		Hafnarfjörður		Mosfellsbær		Reykjanesbær	
	Pr. Íbúa	% af kostn	Pr. Íbúa	% af kostn	Pr. Íbúa	% af kostn	Pr. Íbúa	% af kostn
Fjölskyldu- og heilbrigðissvið								
02- Félagsþjónusta	11.391	14%	17.191	15%	45.752	25%	47.955	32%
03 - Heilbrigðismál								
Fræðslu- og menningarsvið								
04 - Fræðslu- og uppeldismál	30.354	8%	33.890	10%	57.737	15%	20.767	7%
05 - Menningarmál	1.812	14%	1.095	8%	3.994	20%	4.095	15%
06 - Æskulýðs- og íþróttamál	13.501	14%	23.193	28%	39.448	35%	16.659	24%
Tækni- og umhverfissvið								
07 - Brunamál								
08 - Hreinlætismál	7.665	75%	9.288	88%	9.422	73%	16.909	101%
09 - Skipulags- og byggingarmál	3.302	24%	2.651	38%	5.357	55%	775	9%
10 - Umferðar- og samgöngumál			202	0%			3.989	21%
11 - Umhverfismál	5.380	18%			998	9%		
Fjármála- og stjórnsýslusvið								
13 - Atvinnumál			393	0%			1.091	23%
21 - Sameiginlegur kostnaður	11.292	24%	1.990	7%	7.085	15%	6.242	12%
Samtals allir málaflokkar								
Sértekjur		1.201.025		2.459.198		1.540.877		1.721.183
Heildarkostnaður		9.900.180		17.798.504		7.403.719		9.848.180
% sértekna		12%		14%		21%		17%

Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna

- Nánar er fjallað um samanburð einstakra málaflokka í viðauka um hvert svið.

...Garðabær er með lægsta hlutfall sértekna af heildargjöldum allra málaflokka

Rekstur

Heildarkostnaður

Heildarkostnaður málafokks pr. íbúa				
	Garðabær	Hafnarfjörður	Mosfellsbær	Reykjanesbær
Fjölskyldu- og heilbrigðissvið				
02- Félagsþjónusta	80.146	113.577	185.546	147.841
03 - Heilbrigðismál		2.347		
Fræðslu- og menningarsvið				
04 - Fræðslu- og uppeldismál	361.913	353.661	386.199	315.862
05 - Menningarmál	13.386	14.163	19.905	26.896
06 - Æskulýðs- og íþróttamál	97.330	81.631	112.430	68.751
Tækni- og umhverfissvið				
07 - Brunamál	6.426	7.039	6.942	10.441
08 - Hreinlætismál	10.167	10.506	12.879	16.816
09 - Skipulags- og byggingarmál	13.963	6.981	9.731	8.423
10 - Umferðar- og samgöngumál	38.623	27.557	24.283	18.620
11 - Umhverfismál	29.877	2.896	10.941	6.795
Fjármála- og stjórnsýslusvið				
13 - Atvinnumál	49	1.724	783	4.695
21 - Sameiginlegur kostnaður	46.300	28.519	46.198	52.784

Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna

- Nánar er fjallað um samanburð einstakra málaflokka í viðauka um hvert svið.

...Garðabær er hæst pr. íbúa í þremur málafokkum

Rekstur

Laun og stöðugildi

Launakostnaður og fjöldi stöðugilda eftir málaflokkum								
	Garðabær		Hafnarfjörður		Mosfellsbær		Reykjanesbær	
	Fjöldi stg.	Laun / stg.	Fjöldi stg.	Laun / stg.	Fjöldi stg.	Laun / stg.	Fjöldi stg.	Laun / stg.
Fjölskyldu- og heilbrigðisvið								
02- Félagsþjónusta	60	7.822	155	8.152	30	8.647	95	7.349
03 - Heilbrigðismál								
Fræðslu- og menningarsvið								
04 - Fræðslu- og uppeldismál	432	6.446	1.001	5.741	416	5.704	483	5.971
05 - Menningarmál	8	7.451	25	6.402	9	9.394	20	7.710
06 - Æskulýðs- og íþróttamál	66	5.160	150	5.574	42	5.788	53	6.750
Tækni- og umhverfissvið								
07 - Brunamál						-		
08 - Hreinlætismál					0	12.623		
09 - Skipulags- og byggingarmál	4	12.646	14	7.695	5	11.682	6	10.340
10 - Umferðar- og samgöngumál								
11 - Umhverfismál	64	4.178			6	6.200		
Fjármála- og stjórnsýslusvið								
13 - Atvinnumál			6	5.005	0	-	5	8.550
21 - Sameiginlegur kostnaður	29	11.840	37	10.318	19	13.014	22	13.329

ATH: (a) Í skyggðum reitum er launakostnaður vegna sumarstarfamanna.

Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna

- Nánar er fjallað um samanburð einstakra málaflokka í viðauka um hvert svið.

...Launakostnaður pr. stöðugildi hæstur hjá Garðabæ í fjórum málaflokkum


Staða stjórnendaupplýsinga

- Sviðstjórar og stjórnendur hafa aðgang að gögnum fyrir hverja einstöku rekstrareiningu en bæta má heildaryfirsýn með einföldum hætti.
- Garðabær hefur yfir að ráða öflugum kerfum og lausnum en hefur ekki fullnýtt getu þeirra hingað til.


Tillögur og ábendingar

- Flytja áætlanir yfir í Navision.
 - Uppsetning og nauðsynleg umbreyting núverandi áætlunar þannig að unnt sé að skrifa mánaðarlega áætlun í Navision.
- Koma upp mælaborði stjórnenda.
 - Mælaborðið tengist Navision og H-launum eftir þörfum og kallar fram sýn fyrir stjórnendur þar sem auðvelt er að bera saman gang rekstursins við áætlanir og/eða rekstrartölur sama tímabils árið á undan
 - Stillingar fyrir vikmörk mælaborðs stjórnenda og rauntímaeftirlits verða samræmdar þannig að breytingar í mælaborðinu verða virkar í eftirlitinu.
- Á grundvelli ábendinga KPMG er vinna þegar hafin við að koma upp mánaðarlegri fjárhagsáætlun í Navision, smíði mælaborðs og uppsetningu á rauntímaeftirliti á vissum lykilstærðum.

Mælaborðið




Navision áætlun niður á mánuði



Núverandi stjórnskipulag

- Núverandi skipurit Garðabæjar fylgir skipulagi sem mörg sveitarfélög hafa verið að færa sig í á undanförunum árum þar sem eru 4 megin svið sem halda utan um málaflokkana og B hluta stofnanir eftir atvikum.
- Stjórnskipulag Garðabæjar (skipurit, nefndarskipan og fleira) virðist henta núverandi starfsemi sveitarfélagsins og engin augljós þörf á að gera breytingar á því.


Fjárfestingar



Fjárfestingar


Þróun fjárfestinga A – hluta á liðnum árum

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á íbúa 2002-2014 og áætlun 2015-2018



Heimild: Ársreikningar og fjárhagsáætlun Garðabæjar, Samband íslenskra sveitarfélaga; Greining KPMG

Uppsöfnuð fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á íbúa í pús. kr. á íbúa frá 2002-2014



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga; Greining KPMG


Þróun fjárfestinga A hluta

- Efra grafið til hliðar sýnir þróun fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum á hvern íbúa í Garðabæ, meðaltal samanburðar sveitarfélaga og svo landsmeðaltal á árunum 2002 til 2014.
 - Almennt hefur fjárfesting í Garðabæ verið nokkuð stöðug yfir tímabilið
 - Á árunum fyrir hrun varð mikil aukning í fjárfestingum á landsvísi og meðal samanburðarhópsins, á sama tíma dróst fjárfesting saman hjá Garðabæ
- Neðra grafið sýnir svo uppsafnaða fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum á íbúa og árs meðaltalið miðað við íbúafjölda 2014
 - Garðabær hefur fjárfest fyrir 635 þkr á hvern íbúa eða að meðaltali 53 þkr. á ári.
 - Fjárfesting í Garðabæ hefur verið næst lægst á liðnum árum, einungis Reykjanesbær er lægri.
- Hafa ber í huga að talsverð fjárfesting samanburðarsveitarfélaga hefur verið í gegnum einkaframkvæmd og koma þær fjárfestingar ekki fram í þessu grafi.

Fjárfestingar

Fjárfestingaráætlun 2015-2018

Fjárfestingar A hluta skv. áætlun 2015-2018



Heimild: Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2015-2018; Greining KPMG

Fjárfestingaráætlun B hluta 2015-2018


Þús.kr.	2015	2016	2017	2018
Vatnsveita	10.000	10.000	10.000	10.000
Fráveita	15.000	15.000	15.000	15.000
Samtals	25.000	25.000	25.000	25.000

Heimild: Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2015-2018; Greining KPMG

Fjárfestingaráætlun 2015 til 2018

- Grafið til hliðar sýnir áætlaðar fjárfestingar Garðabæjar skv. 4ra ára áætlun.
- Fjárfesting ársins 2015 er umtalsvert hærri en hin árin og nemur 1,3 ma.kr. Stafar munurinn annars vegar af mikilli fjárfestingu í skólamannvirkjum og hins vegar af 80 m.kr. fjárfestingu í stækkun bæjarskrifstofunnar.
- Fjárfesting ársins 2015 í skólamannvirkjum nemur 485 m.kr. og munar mestu um 300 m.kr. fjárfestingu í Hofsstaðaskóla, 100 m.kr. í Lundaból og 50 m.kr. í Holtsbúð. Til viðbótar er gert ráð fyrir 200 mkr. árlegri fjárfestingu í nýjum skóla í Urriðaholti næstu fjögur árin, en því verði mætt með tekjum frá öðrum aðilum.
 - Gerð er ráð fyrir lágmarksfjárfestingu í skólabýggingum og skólalóðum frá 2016-2018
- Á árinu 2016 eykst fjárfesting í íþróttamannvirkjum verulega vegna fyrirhugaðs fjölnota íþróttahúss en gert er ráð fyrir 200 m.kr. fjárfestingu vegna þess á ári frá 2016-2018.
- Taflan að neðan sýnir svo fjárfestingu B hlutans samkvæmt fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir 25 m.kr. fjárfestingu á ári í Samveitum Garðabæjar.

Skuldir og eignir




Skuldir og eignir

Langtímaskuldir og afborganir


DRÖG

Afborganir langtímaskuldbindinga A hluti



Heimild: Ársreikningar og Fjárhagsáætlun Garðabæjar; Greining KPMG

Afborganir langtímaskuldbindinga AB hluti



Heimild: Ársreikningar og Fjárhagsáætlun Garðabæjar; Greining KPMG

Veltufjárbinding

- Gröfin hér að ofan sýna afborganir lána Garðabæjar samkvæmt ársreikningum og fjögurra ára áætlun sveitarfélagsins í A og A og B hluta. Til viðbótar sést hver meðalafborgun langtímalána væri til 20 ára og 30 ára.
 - Sárálítt munur er á afborgunum A hluta og A og B hluta.
 - Afborganaflæði er mjög stöðugt og hækkar lítillega sökum verðlagsbreytinga.

Skuldir og eignir

Samanburður á fjármögnun

DRÖG

Samanburður fjármögnunar A hluta										
	Garðabær		Hafnarfjörður		Kópavogur		Mosfellsbær		Reykjanesbær	
	A hluti	Hlutfall	A hluti	Hlutfall	A hluti	Hlutfall	A hluti	Hlutfall	A hluti	Hlutfall
Eigið fé	11.113	54%	4.530	12%	15.766	32%	3.482	26%	2.158	8%
Langtímaskuldir										
Lífeyrisskuldbindingar	1.798	9%	8.785	23%	5.479	11%	1.151	9%	3.433	13%
Leiguskuldbindingar	696	3%	1.641	4%		0%	238	2%	13.871	53%
Aðrar skuldbindingar	980	5%	316	1%		0%	5	0%	352	1%
Langtímaskuldir við lánastofnanir	4.753	23%	19.831	52%	25.549	52%	6.588	50%	3.069	12%
Skammtímaskuldir										
Skuldir við lánastofnanir	0	0%	0	0%	397	1%	547	4%	364	1%
Skuldir við B hluta	261	1%	1.104	3%	0	0%	335	3%	1.302	5%
Aðrar skammtímaskuldir	822	4%	1.639	4%	2.098	4%	846	6%	1.386	5%
Samtals	20.423	100%	37.846	100%	49.289	100%	13.192	100%	25.935	100%

Heimild: Ársreikningar Garðabæjar; Greining KPMG

Lánshæfi Garðabæjar er hátt og nýtur sveitarfélagið betri kjara en samanburðarsveitarfélögin.

Samanburður fjármögnunar A og B hluta										
	Garðabær		Hafnarfjörður		Kópavogur		Mosfellsbær		Reykjanesbær	
	AB hluti	Hlutfall	AB hluti	Hlutfall	AB hluti	Hlutfall	AB hluti	Hlutfall	AB hluti	Hlutfall
